

REGLUGERÐ

um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um varmaorkumæla, sem eru sölumælar í dreifiveitu. Mælar skulu uppfylla þær kröfur og sæta því mælifræðilega eftirliti sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þeim reglum sem hún vísar til.

Einungis má setja á markað og taka í notkun, skv. 1. mgr., MID-varmaorkumæla. Auk þess má setja á markað hér á landi og taka í notkun orkuígildismæla sem eru breyttir MID-varmaorkumælar og uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Nota skal eftirfarandi skilgreiningar um varmaorkumæla, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. *EA* (European co-operation for Accreditation) eru Evrópusamtök um faggildingu sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.
2. *Dreifiveita* er fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar heits og kalds vatns á afmörkuðu svæði.
3. *Mesta leyfða skekkja* er hæsta tölugildi fyrir skekkju sem er leyfð samkvæmt þessari reglugerð við löggildingu varmaorkumælis.
4. *MID-varmaorkumælir* er fullbúinn varmaorkumælir sem samræmismati er lokið fyrir og sem fellur undir ákvæði í viðauka MI-004 sbr. reglugerð nr. 465/2007, um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/22/EB, um mælitæki og uppfyllir viðeigandi kröfur, ber réttar merkingar þar um og er innsiglaður.
5. *Mælitækjabirgir* er framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, seljandi eða dreifingaraðili á varmaorkumælum sem falla undir 1. mgr. 1. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 91/2006.
6. *Orkuígildismælir* skv. þessari reglugerð er breyttur MID-varmaorkumælir, þ.e. varmaorkumælir skv. viðauka MI-004 sbr. reglugerð nr. 465/2007, sem hefur verið breytt þannig að hitastig í bakrás hefur verið stillt á fast hitastig, 30°C.
7. *Sölumælir* er mælir sem notaður er til uppgjörs á sölu hjá dreifiveitu.
8. *Varmaorkumælir* er mælitæki sem er hannað til að mæla varmaorku í varmaskiptarás sem vökvi sem kallast varmaflutningsvökvi gefur frá sér.
9. θ er hitastig varmaflutningsvökvans.
10. θ_i er gildi θ við inntak varmaskiptarásarinnar.
11. θ_u er gildi θ við úttak varmaskiptarásarinnar, fyrir orkuígildismæla er þetta hitastig sett 30°C án tillits til raunhitastigs vatnsins.
12. $\Delta\theta$ er hitastigsmismunurinn á θ_i - θ_u þar sem $\Delta\theta \geq 0$.
13. $\Delta\theta_{max}$ eru efri mörk $\Delta\theta$ til að varmaorkumælirinn virki rétt innan mestu leyfðu skekkju.
14. $\Delta\theta_{min}$ eru neðri mörk $\Delta\theta$ til að varmaorkumælirinn virki rétt innan mestu leyfðu skekkju.
15. q er rennsli varmaflutningsvökvans, mælt t.d. í m³/h eða l/min.
16. q_p er hæsta gildi q sem er leyft varanlega svo að varmaorkumælirinn virki rétt.
17. q_i er lægsta gildi q sem er leyft varanlega svo að varmaorkumælirinn virki rétt.

II. KAFLI

Eldri mælar, löggilding, merking mæla.

3. gr.

Áframhaldandi notkun eldri mælagerða.

Nota má til verkefna skv. 1. mgr. 1. gr. mæla sem ekki falla undir mælagerðir, skv. 2. mgr. 1. gr., og þegar hafa verið teknir í notkun, meðan þeir mæla rétt, sbr. ákvæði IV. og V. kafla.

Eldri mælagerðir skulu standast sömu nákvæmniskröfur og varmaorkumælar, sbr. IV. kafla.

4. gr.

Fyrsta notkun, merking og nákvæmnisflokkar.

Þeir varmaorkumælar sem teljast hafa löggildingu til fyrstu notkunar eru MID-mælar sem samræmismati er lokið fyrir miðað við fullbúna varmaorkumæla, eru CE-merktir og bera viðbótarmælimerkið í samræmi við tilskipun 2004/22/EB um mælitæki, sbr. reglugerð nr. 465/2007 og eru innsiglaðir.

Þeir varmaorkumælar sem einnig teljast hafa löggildingu til fyrstu notkunar eru orkuígildismælar, sem staðist hafa samræmismat fyrir MID-varmaorkumæla og hafa auk þess vottorð framleiðanda eða faggiltrar prófunarstofu um skekkju innan marka fyrir $\Delta\theta$ með hliðsjón af settu hitastigi fyrir bakrás og sem Neytendastofa viðurkennir.

Dreifiveita ber ábyrgð á að varmaorkumælar beri sérstakt merki fyrir nýja veitumæla, sbr. reglugerð nr. 955/2006, um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja.

Neytendur skulu upplýstir um löggildingarstöðu mælis sem þeir greiða eftir og hvort þeir falla undir innra eftirlit, á reikningi eða á annan aðgengilegan hátt.

Um notkun varmaorkumæla gilda eftirfarandi reglur um nákvæmnisflokka, ávallt er þó heimilt að velja nákvæmari mæla en hér er krafist:

- a. Nota skal mæla í flokki 3 fyrir heimili.
- b. Nota skal mæla í flokki 2 í viðskiptum og/eða smáiðnaði.

III. KAFLI

Um ábyrgð birgja og dreifiveitu.

5. gr.

Ábyrgð birgja.

Mælitækjabirgir varmaorkumæla má ekki markaðssetja, selja eða afhenda varmaorkumæla til notkunar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. nema þeir uppfylli ákvæði 2. mgr. 1. gr.

Mælitækjabirgir varmaorkumæla skal upplýsa kaupanda um nákvæmnisflokk, rennslissvið, hitastigssvið, þrýstingssvið og aðrar kennistærðir mælanna og hvort ætla megi að þeir henti til mælinga á fyrirhugaðri notkun.

6. gr.

Ábyrgð dreifiveitu.

Dreifiveita ber ábyrgð á mælingum á dreifiveitusvæði sínu. Í því felst uppsetning, rekstur og viðhald varmaorkumæla, ennfremur skulu dreifiveitur tryggja að varmaorkumælar til uppgjörs notkunar uppfylli kröfur þessarar reglugerðar. Dreifiveita getur falið þjónustufyrirtæki mælinga að annast mælingar og umsýslu varmaorkumæla.

Dreifiveita skal hlíta skilyrðum framleiðanda um aðstæður fyrir notkun og leyfð rekstrarskilyrði sem mælarnir eru framleiddir fyrir og má aðeins setja upp mæla sem uppfylla kröfur 2. mgr. 1. gr.

Dreifiveita ber ábyrgð á því að sett hitastig fyrir bakrás orkuígildismæla sé rétt og aðgengi að stillingu þess sé innsiglað.

IV. KAFLI

Kröfur til varmaorkumæla í notkun.

7. gr.

Mestu leyfðu skekkjur.

Mesta leyfða hlutfallslega skekkja E , fyrir nýjan mæli eða að lokinni stillingu og prófun, gefin upp sem hundraðshluti er summan af mestu leyfðu hlutfallslegu skekkju rennslisnema E_F , hitaskynjarapars E_t og reiknivélar E_C .

E_F skal ekki vera meiri í % en hér er sýnt og ekki meiri en 5%, en skilgreindir eru þrír nákvæmnisflokkar:

- flokkur 1: $E_F = (1 + 0,01 q_p/q)$
- flokkur 2: $E_F = (2 + 0,02 q_p/q)$
- flokkur 3: $E_F = (3 + 0,05 q_p/q)$

E_t skal ekki vera meiri í % en $E_t = (0,5 + 3 \cdot \Delta\theta_{\min}/\Delta\theta)$.

E_c skal ekki vera meiri í % en $E_c = (0,5 + \Delta\theta_{\min}/\Delta\theta)$.

8. gr.

Mælar sem er hafnað.

Ef í ljós kemur að varmaorkumælar uppfylla ekki kröfur þessa kafla skulu þeir teknir úr notkun sbr. þó 4. mgr. 14. gr.

V. KAFLI

Reglur um löggildingar varmaorkumæla í notkun.

9. gr.

Skoðunaraðferðir.

Löggildingar varmaorkumæla í notkun skulu annaðhvort byggjast á heildarskoðun eða á úrtaksskoðun. Löggildingar eru framkvæmdar af aðila sem annast löggildingar mælitækja í umboði Neytendastofu sbr. reglugerð um starfshætti aðila sem annast mælifræðilegt eftirlit í umboði Neytendastofu, sjá þó 15. gr. um innra eftirlit í stað löggildinga.

Við heildarskoðun er hver einstakur varmaorkumælir löggiltur fyrir lok ársins, þegar gildistími hans rennur út. Við úrtaksskoðun er safn mæla, sem hlýtur samþykki, löggilt á grundvelli úrtaks sbr. ákvæði 12.-14. gr.

10. gr.

Prófunarkröfur.

Rennslisneminn skal prófaður við þrenns konar rennsli: Um 10% yfir q_i og um 50% og 90% af q_p .

Varmaorkan skal prófuð fyrir a.m.k. þrjú gildi. Nota má rennslisgildin skv. 1. mgr. Hafa skal hitastigsmun lítinn fyrir mesta rennslið, mikinn fyrir minnsta rennslið og dæmigert gildi fyrir rennslið 50% af q_p .

Magnið sem fer um mæli við prófun skal vera nægjanlega mikið með hliðsjón af óvissu og skekkjum við prófunina sjálfa. Fara skal eftir fyrirmælum framleiðenda um vatnsþrýsting og aðrar aðstæður við prófanir.

Markmið prófana er að finna hvort mælir stenst ákvæði 7. gr. um mestu leyfðu skekkjur. Það má gera með öðrum prófunargildum en tilgreind eru í þessari grein.

Flutningur mælis frá prófunarstofu á notkunarstað skal uppfylla kröfur gæðakerfis um flutning. Uppsetning varmaorkumælis skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerðum, staðla og fyrirmæli framleiðanda um umhverfisaðstæður og frágang.

11. gr.

Gildistímar löggildinga.

Fyrsta skoðun fyrir varmaorkumæla skal vera eigi síðar en sem hér segir:

1. Fyrir varmaorkumæla með aflfræðilegan rennslisluta í veitukerfi með jarðhitavatni 5 árum frá því ári sem kemur fram í síðustu tveimur tölustöfum ártals í viðbótarmælifræðimerkinu, sbr. 4. gr.
2. Fyrir varmaorkumæla með aflfræðilegan rennslisluta í veitukerfi með hreinu vatni 8 árum frá því ári sem kemur fram í síðustu tveimur tölustöfum ártals í viðbótarmælifræðimerkinu, sbr. 4. gr. en dreifiveita getur sjálf valið styttri tíma með hliðsjón af efnainnihaldi vatns.
3. Fyrir varmaorkumæla með rafeindan rennslisluta 12 árum frá því ári sem kemur fram í síðustu tveimur tölustöfum ártals í viðbótarmælifræðimerkinu, sbr. 4. gr.

Ef unnt er að sýna fram á með úrtaksprófun að mælar í notkun standist settar kröfur, sem um mælana gilda, er heimilt að framlengja gildistíma viðkomandi mælasafns í hvert sinn um 5 ár með þeim fyrirvara að efnainnihald vatns getur spilt mælum á styttri tíma.

Mælar sem gert hefur verið við, eða sem innsigli hefur verið rofið á, skulu löggiltir og innsiglaðir, áður en þeir eru teknir aftur í notkun. Jafnan skal kanna ástæður þess að innsigli var rofið.

12. gr.

Skilgreining safna og reglur um úrtak.

Heimilt er að flokka mæla saman í safn þótt þeir tilheyri fleiri en einni dreifiveitu.

Beita má úrtaksskoðunum á söfn þegar uppfyllt eru eftirfarandi skilyrði, en hafa skal samráð við Neytendastofu um frávík og úrlausn vafamála:

- Í safninu eru einsleitir mælar og því dæmigerðir fyrir safnið.
- Mælar í safni skulu hafa sama gerðarauðkenni.
- Framleiðsluár allra mæla í safninu skal vera innan tímabils sem ekki er lengra en 3 ár. Viðmiðun fyrir tíma skoðana skal vera miðja tímabilsins.

Hafi verið gert við varmaorkumæli skal eftir það miðað við ár viðgerðarinnar í stað framleiðsluárs.

Taka skal úrtak úr safni á slíkan hátt að jafnar líkur séu fyrir að hver einstakur mælir í safninu verði valinn. Nota skal slembitöflu eða annað reiknilíkan sem tryggir slembival. Ekki er heimilt að bæta mælum við safn eftir að það hefur verið samþykkt til úrtaksskoðunar.

Velja skal um 10% aukamæla í úrtak sem hafa má til vara, sbr. töflur í 14. gr.

13. gr.

Notkun varamæla.

Mælar sem valdir eru í úrtak skulu vera í eðlilegu vinnsluástandi og vera dæmigerðir fyrir safnið. Af því leiðir að fjarlægja má mæli úr úrtakinu hafi hann einhvern eftirfarandi galla:

- Átt hefur verið við mælinn, jafnvel unnar á honum skemmdir.
- Mælir er bilaður eða skemmdur eða innsigli rofið.
- Mælirinn á ekki heima í þessu safni.

Ef ekki er mögulegt að fá leyfi notanda til að taka niður mæli á tilsettum tíma er heimilt að fjarlægja hann úr úrtakinu.

Í slíkum tilvikum skal ekki prófa mælinn, heldur er honum skipt út fyrir varamæli.

14. gr.

Úrtaksfyrirmæli.

Aðeins er hægt að nota úrtaksskoðanir fyrir söfn með 9 eða fleiri mæla.

Velja skal mæla í úrtaksskoðun fyrir söfn með milli 9 og 150 mæla eftir staðli ISO 2859-1 með einfaldri úrtaksskoðun fyrir 2,5% samþykktarmörk (AQL) og skoðunarstig II skv. töflu fyrir lítil söfn í þessari grein.

Velja skal mæla í úrtaksskoðun fyrir söfn með 151 eða fleiri mæla eftir staðli ISO 2859-2 með tvöfaldri úrtaksskoðun fyrir 8% gæðastig (LQ) skv. töflu fyrir stærri söfn í þessari grein.

Þegar safni er hafnað á grundvelli úrtaksskoðunar skal skipta öllu safninu út innan árs. Mæla sem hafa verið prófaðir og standast kröfur má þó nota aftur.

Lítill söfn, einföld úrtaksskoðun.

Stærð safns	Stærð úrtaks	Viðmið fyrir samþykki	Viðmið fyrir höfnun	Varamælar
9 - 15	3	0	1	1
16 - 25	5	0	1	1
26 - 50	8	0	1	1
51 - 90	13	1	2	2
91 - 150	20	1	2	2

Stærri söfn, tvöföld úrtaksskoðun.

Stærð safns	Úrtak	Stærð úrtaks	Saman-lögð stærð úrtaks	Fjöldi ófullnægjandi mæla *)		Varamælar
				Viðmið fyrir samþykki	Viðmið fyrir höfnun	
151 til 1.200	fyrri síðara	32 32	32 64	0 1	2 2	6
1.201 til	fyrri					

	síðara	50 50	50 100	1 4	4 5	10
3.201 til 10.000	fyrri síðara	80 80	80 160	2 6	5 7	16
10.001 til 35.000	fyrri síðara	125 125	125 250	5 12	9 13	25

*) Í línunum fyrir "síðara" úrtak á fjöldi ófullnægjandi mæla við samanlagða úrtakið.

VI. KAFLI

Innra eftirlit, löggildingaraðilar og prófunarstofur.

15. gr.

Almenn skilyrði um innra eftirlit.

Heimilt er að nota innra eftirlit í stað löggildinga að fengnu samþykki Neytendastofu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar sbr. 14. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Innra eftirlit skal tryggja réttar mælingar og að mælaskipti, úrtök og prófanir fari fram á réttum tíma og að það hlutfall mæla sem ætla má að komið sé út fyrir leyfileg skekkjumörk skv. IV. kafla sé ásættanlegt.

Prófanir og úrtaksskoðanir mæla undir innra eftirliti skulu vera eftir ákvæðum V. kafla og prófanirnar skulu gerðar af prófunarstofu sem uppfyllir ákvæði 20. gr.

Við innra eftirlit í stað löggildinga skal nota upplýsingakerfi sem veitir yfirlit um alla mæla sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Veita skal neytendum og Neytendastofu viðkomandi upplýsingar um mælana úr þessu kerfi.

Innra eftirlitskerfið skal vera skráð að fullu í eftirlits- eða gæðahandbók dreifiveitu.

16. gr.

Umsókn og málsmeðferð fyrir innra eftirlit.

Dreifiveitur og þjónustufyrirtæki mælinga geta óskað eftir samþykki Neytendastofu fyrir því að gæðakerfi eða önnur formleg tilhögun innra eftirlits með mælum og rekjanleika mæligilda þeirra verði tekin gild í stað löggildinga.

Umsókn skal fylgja:

1. Eftirlits- eða gæðahandbók, um kerfið fyrir innra eftirlit, sem byggir á ÍST ISO 9001:2008 eftir því sem við getur átt.
2. Samningur dreifiveitu við úttektaraðila um forskoðun á viðkomandi innra eftirliti.
3. Yfirlit um rekstur kerfisins og aðrar upplýsingar, sem Neytendastofa telur nauðsynlegar fyrir samþykki, komi þær ekki fram í eftirlits- eða gæðahandbók.

Kerfi fyrir innra eftirlit skal fullnægja öllum ákvæðum laga og þessarar reglugerðar, svo og reglum sem Neytendastofa setur og tryggja eiga réttar mælingar.

Neytendastofa skal tilkynna umsækjanda að forskoðun úttektaraðila megi fara fram, þegar fullnægjandi umsókn og fylgigögn liggja fyrir gegn greiðslu á umsóknargjaldi samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

Skoðunarstofan annast skoðun og úttekt á kerfi fyrir innra eftirlit á grundvelli reglna sem Neytendastofa setur og fram koma í skoðunarhandbók Neytendastofu fyrir innra eftirlit.

Í umsóknarferli um viðurkenningu á innra eftirliti er umsækjanda skylt að veita allar upplýsingar um tilhögun innra eftirlits, eftirlitshandbók og önnur gögn um rekstur kerfisins og veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem þarf til að leggja mat á og gefa ábendingar um úrbætur á fyrirhuguðu innra eftirliti.

Neytendastofa tekur ákvörðun um samþykki á grundvelli álitsgerðar frá úttektaraðila og þeirra úrbóta sem umsækjandi hefur gert, þegar það á við. Uppfylli umsækjandi um innra eftirlit öll skilyrði sem Neytendastofa ákveður, veitir hún leyfi til að notað verði innra eftirlit í stað löggildinga gegn greiðslu á leyfisgjaldi samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

Synji Neytendastofa um samþykki skal það rökstutt skriflega.

Uppfylli innra eftirlit ekki lengur skilyrðin skal Neytendastofa afturkalla leyfi til innra eftirlits með mælum, sbr. einnig ákvæði 17. gr.

17. gr.

Árlegt eftirlit og skýrslugerð.

Dreifiveita eða þjónustufyrirtæki mælinga, sem fengið hefur samþykki Neytendastofu til innra eftirlits, sbr. 15. og 16. gr. skal hafa samning við úttektaraðila um árlegt eftirlit í samræmi við skoðunarhandbók Neytendastofu svo og sérstakar skoðanir ef það á við. Úttektaraðili skal gefa Neytendastofu skýrslu árlega og eigi síðar en 1. mars fyrir síðastliðið ár, um allt eftirlit og skoðanir, niðurstöður skoðana og ákvarðanir sem hafa verið teknar um mæla.

Skýrslan skal gefa tölfræðilegt yfirlit um allar gerðir bilana, galla, skekkjur og rofin innsigli mæla. Auk þess skal skrá upplýsingar um rangar tengingar og önnur frávik. Að öðru leyti skal form, flokkun frávika og innihald skýrslunnar vera eins og Neytendastofa ákveður.

Neytendastofa staðfestir eigi síðar en 1. júní framlengingu á gildistíma heimildar til innra eftirlits gegn greiðslu árlegs eftirlitsgjalds samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

18. gr.

Úttektaraðili.

Úttektaraðili samkvæmt þessum kafla skal hafa umboð Neytendastofu til að annast úttektir á innra eftirliti dreifiveitna með sölumælum.

Úttektaraðili skal uppfylla kröfur sem gerðar eru vegna slíkra verkefna í reglugerð um starfshætti aðila sem annast mælifræðilegt eftirlit í umboði Neytendastofu.

19. gr.

Löggildingaraðilar.

Aðilar sem annast löggildingar mæla í umboði Neytendastofu skulu vera óháðir dreifiveitum og þeim sem annast mæla fyrir hönd þeirra sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og skulu hafa hæfni sem staðfest er með faggildingu sbr. reglugerð um starfshætti aðila sem annast mælifræðilegt eftirlit í umboði Neytendastofu.

Löggildingaraðilar meta söfn, ráða vali úrtaks til prófunar og taka ákvörðun um hvort safni er hafnað eða það samþykkt og fái löggildingu fyrir dreifiveitur, sem ekki hafa innra eftirlit.

20. gr.

Prófunarstofur.

Prófunarstofur sem prófa mæla fyrir dreifiveitur eftir þessum reglum skulu vera faggiltar til prófana, skv. IV. og V. kafla af faggildingaraðila, sem er aðili að marghliða samkomulagi EA á sviði prófunarstofa.

Prófunarstofa má vera löggildingaraðili en skal vera óháð dreifiveitum og þeim sem annast mæla fyrir hönd þeirra sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og skal vera óháð þeim sem bera ábyrgð á eftirliti með mælunum og ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna prófana.

VII. KAFLI

Eftirlit, markaðseftirlit og gjöld.

21. gr.

Hlutverk Neytendastofu.

Neytendastofa hefur eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessarar reglugerðar og annast markaðseftirlit í samræmi við reglugerð nr. 465/2007, um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/22/EB, um mælitæki og ákvæði laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

22. gr.

Um upplýsingaskyldu, skýrslugjöf og framkvæmd eftirlits.

Neytendastofa aflar meðal annars upplýsinga um fjölda og aldur mælitækja, löggildingar sem gerðar eru, frávik sem koma fram við prófanir og önnur þau atriði sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með varmaorkumælum.

Dreifiveitum og birgjum er skylt að veita Neytendastofu allar þær upplýsingar sem henni eru nauðsynlegar vegna eftirlits með ákvæðum laga og reglugerðar þessarar og á því formi sem stofnunin áskilur vegna gagnöflunar.

Um framkvæmd eftirlits með mælitækjum skv. þessari reglugerð, fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglum settum samkvæmt þeim.

23. gr.

Gjöld vegna innra eftirlits.

Neytendastofa innheimtir umsóknargjald, leyfisgjald og árlegt eftirlitsgjald vegna innra eftirlits sbr. 16. og 17. gr. samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við ákvæði laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

VIII. KAFLI

Kæruheimild, viðurlög og gildistaka.

24. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun sem Neytendastofa tekur á grundvelli þessarar reglugerðar má kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. 2. mgr. 38. gr. a. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

25. gr.

Viðurlög.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta fésektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar.

Þeim sem gefur rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við ákvarðanir eða upplýsir ekki um atriði sem skipta máli til að upplýsa mál samkvæmt þessari reglugerð skal refsað með sektum nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt.

Refsa skal þeim sem brjóta gegn ákvæðum III. og VI. kafla með sektum.

Sekt samkvæmt reglugerð þessari er unnt að leggja á lögaðila í samræmi við 3. mgr. 41. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

26. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Við 28. reglugerðina júní bætist 2012. svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Ögmundur Þrátt Jónasson fyrir ákvæði 11. gr., um gildistíma löggildinga, er dreifiveitu heimilt að óska eftir tímabundinni undanþágu hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun frá kröfum um endurlöggildingu mæla, enda liggi fyrir, útfærð og tímasett endurnýjunaráætlun fyrir útskipti mæla þar sem nýir snjallmælar koma í stað eldri mæla eða mælasafns. Dreifiveita skal í slíku tilviki upplýsa Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um áform sín og skila tímasetti áætlun um útskipti mæla. Forsenda undanþágu er að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi fengið

Ragnhildur Húsnæðis- Hjaltadóttir og mannvirkjastofnun er heimilt að afturkalla undanþágu skv. 1. mgr. komi í ljós að forsendur fyrir henni séu brostnar eða að ekki hafi verið unnið eftir endurnýjunaráætlun fyrir útskipti mæla.

Veiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dreifiveitu undanþágu skv. 1. mgr. skal dreifiveita upplýsa viðskiptavinum sína um áform sín um útskipti mæla og snjallmælavæðingu, og gefa viðskiptavinum kost á að skipt verði um mæli, sé þess óskað, í samræmi við tímamörk skv. 11. gr., óháð áformum dreifiveitunnar um uppsetningu snjallmæla.

Synji Húsnæðis- og mannvirkjastofnun beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal synjun rökstudd og dreifiveitu veitt færi á að gera úrbætur á umsókn eftir atvikum.

Heimild til að veita undanþágu skv. 1. mgr. fellur úr gildi 31. desember 2028. Tryggja skal að löggildingarferli hvers mælis eða mælasafns verði aldrei frestað um meira en sex ár.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.